

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík, 18. desember 2023
UST202312-079/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 og nýtt deiliskipulag - Gaddstaðaejja

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 11. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 og nýju deiliskipulagi fyrir Gaddstaðaejju

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að skilgreina íbúðarsvæði, verslunar- og þjónustusvæði og útivistarsvæði. Fyrirhugað er að hafa íbúðabyggð norðan til á eyjunni, fyrir allt að 12 einbýlishús og sunnan til er gert ráð fyrir hóteli með afþreyingu s.s. baðlóni, fyrir allt að 200 gesti. Einnig er möguleiki á útivistarsvæði syðst á eyinni. Auk þess kemur fram að byggð verði brú út í eyjuna sem þolir bílaumferð og umferð gangandi fólks.

Óbyggt svæði

Í greinargerð segir að engar stefnur eru í aðalskipulagi varðandi eftirfarandi óbyggt svæði. Auk þess virðist ekki vera neina stefna um óbyggt svæði í þéttbýlinu. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að sveitarfélagið setji stefnu um óbyggt svæði í þéttbýli.

Svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálendi, heiðar og afréttir, að mestu án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útivist, afréttarnotum, öryggismálum og fjarskiptum.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að hægt er að líta til markmiða og stefnu sveitarfélagsins varðandi óbyggt svæðis í dreifbýli.

Vistgerðir og fuglalíf

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðirnar blómgresisvist og língresis- og vingulsvist sem eru með miðlungs og hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Bernarsamningurinn þarf því að vera umhverfisviðmið í umhverfismatskýrslu.

Língresis- og vingulsvist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps.

Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna og verndun þeirra.

Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að byggingareitir séu afmarkaðir í samræmi við verndargildi vistgerða svæðisins.

Bakkagróður

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

Ofangreind ákvæði þurfa því að vera umhverfisviðmið í umhverfismatskýrslu.

Vatnamál

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um hver áhrif tillögunnar séu á vatn. Umhverfisstofnun bendir á að lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála hafi verið innleidd með gerð vatnaáætlunar. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tekið sé tillit til ákvæða laganna í tillögunni og vill stofnunin benda á vefsíðuna www.vatn.is.

Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla). Til þess að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun en þessar áætlanir voru formlega staðfestar þann 4. apríl 2022 af umhverfis- og orkumálaráðherra. Áætlanirnar gilda sex ár í senn en þær er hægt að finna á vef Umhverfisstofnunar: <http://vatn.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/vatnaaetlun-2022-2027/>. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Hægt er á sjá skilgreind vatnshlot á vefsíðunni <https://vatnshlotagatt.vedur.is/>.

Pungamiðjan í lögum um stjórn vatnamála er sú krafa að öll vatnshlot skulu vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi (yfirborðsvatn), góðu efnafræðilegu ástandi (yfirborðsvatn og grunnvatn) og hafa góða magnstöðu (grunnvatn) ásamt þeirri kröfu um að vatnsgæði rýrni ekki. Manngerð og mikið breytt yfirborðsvatnshlot skulu hafa gott vistmegin og efnafræðilegt ástand þeirra skal vera gott. Þetta eru þau umhverfismarkmið sem öll vatnshlot eiga að uppfylla.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða

breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar. Því er mikilvægt að ofangreind ákvæði vatnalaga og vatnaáætlun séu umhverfisviðmið í umhverfismatsskýrslu.

Fráveita

Í greinargerð segir að gert verður ráð fyrir að byggð tengist veitukerfum sveitarfélagsins, þ.á.m. varðandi fráveitumál.

Umhverfisstofnun telur æskileg að það komi fram í tillögunni áætlaður fjöldi gesta og starfsmanna sem dvelja og heimsækja verslunarsvæðið að jafnaði.

Umhverfisstofnun bendir á að fráveita sveitarfélagsins verði í samræmi við lög nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og kröfur um hreinsun skólps verði í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að álag (mengun) við strendur, í ám og stöðuvötnum vegna skólps hafi ekki áhrif á vistkerfi, fiskgengd eða útivistargildi. Því er mikilvægt að það komi fram í tillögunni hver staða fráveitumála er í þéttbýlinu.

Einnig bendir stofnunin á að þar sem þörf er á úrbótum í fráveitumálum þarf að koma fram hver stefna sveitarfélagsins er varðandi endurbætur og hver tímarammi endurbóta er og hvaða leiðir verða farnar.

Í starfsleyfi fyrir fráveitu á Hellu segir að um er að ræða fyrsta stigs hreinsun sem hluta af frekari úrbótum við væntanlegt þriggja þrepa hreinsivirki.¹

Samkvæmt stöðuskýrslu um fráveitumál árið 2020 losar þéttbýlið Hella, 4831 persónueiningar af skólpi (íbúar, gestir og atvinnulíf) og skal því samkvæmt ákvæði í 2. mgr. 20. gr. í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp hreinsa skólp með tveggja þrepa hreinsun. Í skýringum segir: *Á að vera tveggja þrepa hreinsun en er í dag aðeins grófhreinsun. Ein virk útrás. Munu leggja fram úrbótaáætlun á næstu árum.*²

Gera þarf ítarlegar grein fyrir fráveitumannvirkjum í skipulagsáætlunum sveitarfélagsins og þeim umbótum sem nauðsynlegar eru. Sérstaklega í ört stækkandi þéttbýli þar sem veiturnar þurfa að fylgja eftir auknum fjölda íbúa. Frestur til að koma á hreinsun á fráveituvatni skv. reglugerðinni rann út árið 2005 og því mikilvægt að slá ekki mikilvægum umhverfisumbótum enn frekar á frest.

Ásýnd

Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að fjallað sé um áhrif uppbyggingar í eygni, sem er óraskað svæði.

¹ <https://hsl.is/wp-content/uploads/2011/03/Hella-11-2012-%C3%AD-augl%C3%BDsingu.pdf>

² https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Stoduskyrsla_fraveitumala_2020

Valkostir

Umhverfisstofnun telur æskilegt að ef að niðurstaða umhverfismats sé á þá leið að hún hafi töluverð neikvæð áhrif á ásýnd, vistgerðir og fuglalíf að skoðaðir séu aðrir staðsetningavalkostir á þegar röskuðum svæðum til að ná markmiðum verkefnisins.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri